



G R E I N A R G E R Ð

með fjárhagsáætlun
Blönduóssbæjar 2004

- síðari umræða -

Lagt fram til síðari umræðu á bæjarstjórnarfundi
16. desember, 2003
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Bæjarstjóri

INNGANGUR

Framsetning fjárhagsáætlunar 2004 er nú í annað sinn sett fram skv. nýjum reglum um bókhald og reikningskil sveitarfélaga sem tóku gildi í ársbyrjun 2002. Þar segir m.a. að starfsemi sveitarfélaga skuli annars vegar skipta í a) aðalsjóð, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum og hinsvegar b) stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Fjárhagsáætlunin Blönduóssbæjar er nú annað árið í röð unnin skv. svokallaðri rammaáætlun sem byggir á því að stofnunum og málaflökkum er settur fyrirfram ákveðinn fjárhagsrammi. Er það síðan hlutverk sviðsstjóra, deildarstjóra og forstöðumanna málaflökka að útfæra nánar ráðstöfun fjárhagsrammans innan deildar í samvinnu við fagnefndir.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst í bæjarráði í byrjun nóvember 2003. Við úthlutun ramma til málaflökka á árinu 2004 var sú meginstefna höfð að leiðarljósi að miða við sama fjárhagsramma til stofnana og fyrirtækja og settur var fram á árinu 2003. Þetta þýðir að þrátt fyrir hækkun launa um 3% og um 2% hækkun verðlags á milli árána 2003 og 2004 hafa forstöðumenn sömu upphæð til ráðstöfunar og árið áður sem leiðir til þess að leita þarf sparnaðaraðgerða í rekstri.

Ljóst er að sífellt verður erfiðara að ná saman endum við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í byrjun nóvember sl. var erfið fjárhagsstaða sveitarfélaga í brennidepli. Lagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í erindi sínu þunga áherslu á að koma þyrfti á formfastara og agaðri samskiptum ríkis og sveitarfélaga og að skilyrði fyrir nýjum verkefnum sveitarfélaganna væri að nægt fjármagn fylgi þeim.

Kröfunni um aukin umsvif sveitarfélaga hefur ekki verið mætt með auknum framlögum úr ríkissjóði. Þetta hefur komið fram hvað eftir annað hjá talsmönnum sveitarfélaga í landinu. Niðurstöður fjárhagsáætlunar Blönduóssbæjar fyrir árið 2004 endurspeglar skýrt þá staðreynd. Nægir þar að líta á rekstarniðurstöðu aðalsjóðs sem fjármagna á með skatttekjum sveitarfélagsins.

Meginstef fjárhagsáætlunar ársins 2004 er í grófum dráttum þetta:

- Brýnt hefur verið fyrir forstöðumönnum deilda að leita allra mögulegra leiða til hagræðingar í rekstri. Tekist hefur t.a.m. að lækka launakostnað á tveggja ára tímabili um 5,2%, þrátt fyrir almennar launahækkningar á vinnumarkaði.¹ Betur má ef duga skal og óhætt að fullyrða að rekstrarniðurstaða sé engan vegin ásættanleg. Því blasir við á nýju ári að halda áfram að leita leiða til hagræðingar. Ber einnig að nefna að tap hafnarsjóðs og félagsheimilis, alls um 23 mkr hefur verulega íþyngjandi áhrif.
- Fjármagn til beinna framkvæmda er í lágmarki líkt og árið áður. Stærsta verkefnið sem blasir við á nýju fjárhagsári lýtur að bættu umhverfi að því er varðar aðbúnað barna okkar í grunnskólanum. Eftir að hafa frestað viðgerðum á gamla barnaskólahúsinu í árafjöld ákvað bæjarstjórn að hefja framkvæmdir við húsið vorið 2004. Ætlunin er að koma húsinu, sem

¹ Miðað við rauntölur árána 2002 og 2004.

teiknað er af þáverandi húsasmíðameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, í sem upprunalegasta mynd. Ætlunin er að fullgera húsið áður en nýtt skólaár hefst haustið 2004. Annað stórt verkefni á nýju ári eru framkvæmdir vegna lyftu að Hnjúkabyggð 33, samvinnuverkefni fasteigna ríkisins og Blönduóssbæjar.

- Markviss sókn er hafin í atvinnumálum í sveitarfélaginu til að tryggja auknar tekjur. Bæjarstjórn leggur meginþunga á sókn í atvinnumálum sem er forsenda framþróunar og frekari uppbyggingar í bæjarfélaginu.

Þakka ber starfsfólki og nefndarmönnum fyrir þeirra þátt í gerð fjárhagsáætlunar. Ný vinnubrögð hafa tryggt þátttöku mun fleiri en venja var við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Bæjarráði, ásamt bæjarstjóra ber skv. samþykktum Blönduóssbæjar að bera hita og þunga að undirbúningi fjárhagsáætlunar og því er afar mikilvægt að þar myndist góð samvinna. Ég vil því nýta tækifærið og þakka fulltrúum í bæjarráði fyrir afar gott samstarf í vinnuferlinu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendum og lykilatriðum í fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar fyrir árið 2004.

desember, 2003
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Bæjarstjóri

SKATTTEKJUR

Undir þennan málaflokk falla allar tekjur sveitarfélagsins sem heyra undir ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (að undanskildum stofnframlögum) og aðrar þær tekjur, sem eðli sínu samkvæmt geta talist skattar. Undir málaflokkinn falla einnig tekjur sveitarfélaga af lóðarleigu.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að heildartekjur samstæðu lækki um 10% á milli ára og verði 404.108 mkr árið 2004 samanborið við áætlaðar heildartekjur uppá 450.332 mkr árið 2003. Þessi miklu lækkun heildartekna má m.a. rekja til þess að skuldajöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði fyrir árin 2003 – 2005 var greitt út í einu lagi á árinu 2003 alls 49 mkr.

Gert er ráð fyrir að skatttekjur nemi 198.7 mkr. og er það hækkun um 1,5% á milli áætlana. Þær skiptast þannig að útsvarstekjur nema 175.3 mkr. og fasteignaskattur 23.3 mkr.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er áætlað um 59.5 mkr og endurgreiðslur húsaleigubóta 3.9 mkr. Aðrar tekjur sveitarfélagsins nema tæpum 142 mkr og er um að ræða töluverða lækkun annarra tekna á milli ára. Þetta á sér stoð í því að áætlaðar tekjur vegna hitaveitu lækka vegna betra tíðarfars en einnig er töluverð lækkun tekna hjá íþróttamiðstöð og Félagsheimilinu á Blönduósi.

Eins og fram hefur komið var skuldajöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs vegna áranna 2003-2005 greitt út í einu lagi á yfirstandandi fjárhagsári, alls 49 mkr. Þetta skekkir því samanburð milli fjárhagsáætlana 2003 og 2004 sem því nemur. Jafnframt skal þess getið að í áætlun ársins 2004 er tap Hafnarsjóðs 11.219 mkr. fært sem framlag á málaflokkinn 10-umferðar- og samgöngumál og tap vegna Félagsheimilisins á Blönduósi 11.546 mkr. er fært sem framlag á málaflokkinn 05-meningarmál. Framlög til þessara stofnana voru ekki færð undir aðalsjóð í fjárhagsáætlun 2003 en hafa engin áhrif á samstæðureikninginn í heild sinni.

Veltufé frá rekstri í A-hluta er neikvætt um 37 mkr. og afborgun langtímalána eru um 49,7 mkr.

Til samanburðar er hér sýnt rekstraryfirlit A-hluta samstæðu áranna 2003 og 2004. Neðst í dálknum er þessi samanburður sýndur að frádregnu skuldajöfnunarframlaginu 2003 (49 mkr.) og framlagi til hafnar og félagsheimilis árið 2004 (22.7 mkr).

Yfirlit 1

Rekstraryfirlit – A-hluti

Samanburður á milli áætla

	Fjárhagsáætlun 2003 ENDURSKOÐUÐ	Fjárhagsáætlun 2004 RAMMAR	Hækkun/ lækkun í %	Hækkun/ lækkun í kr.
Aðalsjóður - málaflokkar				
00 - Skatttekjur.....	-308.840	-265.340	16,4	-43.500
02 - Félagsþjónusta.....	31.171	30.823	1,1	348
03 - Heilbrigðismál.....	1.514	1.128	34,2	386
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	136.001	136.282	-0,2	-281
05 - Menningarmál.....	12.368	22.856	-45,9	-10.488
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	45.260	45.429	-0,4	-169
07 - Brunamál og almannavarnir.....	5.857	5.945	-1,5	-88
08 - Hreinlætismál.....	3.170	3.321	-4,5	-151
09 - Skipulags- og byggingamál.....	7.603	6.776	12,2	827
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	5.330	16.207	-67,1	-10.877
11- Umhverfismál.....	8.275	7.958	4,0	317
13 - Atvinnumál.....	12.145	17.756	-31,6	-5.611
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	0			0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	23.704	23.809	-0,4	-105
27 - Óvenjulegir liðir.....	0			0
28 - Fjármagnsliðir.....	-10.868	-8.991	20,9	-1.877
Söluhagnaður / (Tap) fastafjármuna.....	0			0
Samtals gjöld	281.530	318.290	-11,5	-36.760
Aðalsjóður	-27.310	43.959	-162,1	-71.269
31 - Eignasjóður.....	15.545	15.966	-2,6	-421
Samstæðureikn. A-hluta.....	-11.765	59.925	-119,6	-71.690
Að frádregnu skuldajöfnunarframlagi 2003	49.000			
Framlag til hafnar og Félagsheimilis 2004		22.765		
Niðurstaða A- hluta skv. samanburði	37.235	37.160	0,2	75

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar

Útsvarsprósenta helst óbreytt, 13,03%. Áætlaður íbúafjöldi á árinu er miðaður við íbúafjölda skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fyrstu þrjú ársfjórðunga ársins 2003 eða 941 manns en í fjárhagsáætlun árið 2003 var íbúafjöldi áætlaður 933. Áætlunin gengur út frá rúmlega 1% hækkun útsvars á milli ára skv. endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2003. **Útsvarstekjur 2004: 175.3 mkr ,-**

Fasteignaskattur

Gengið er út frá eftirfarandi álagningareglum:²

- 0,40% (0,40%) af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis.
- 1,55% (1,55%) af fasteignarmati annarra fasteigna (atvinnuhúsnæði).

Fasteignaskattur 2004: 24.3 mkr en gert er ráð fyrir að afsláttur á fasteignaskatti sé um 1 mkr = **23.3 mkr**

² Tölur innan sviga sýna álagningu ársins 2003.

Jöfnunarsjóður

- Framlag v. fasteignaskatts: 19.5 mkr
- Útgjaldajöfnunarframlag: 19.5 mkr.
- Grunnskólaframlag: 15.5 mkr
- Framlag v. sérparfa fatlaðra: 5 mkr
- Húsaleigubætur: 3.9 kr.

Framlag Jöfnunarsjóðs 2004 alls: 63.5 mkr,-

Lóðarleiga

2,0% (2%) af fasteignamati lóða og fyrir ræktunarlóðir að lágmarki 3.500,- (3.500,-).

Lóðarleiga 2004: 7.2 mkr

ÞJÓNUSTUTEKJUR

Þjónustutekjur eru þær tekjur sem sveitarfélagið innheimtir vegna þjónustu við íbúana, s.s. vatnsgjald, hitaveitu- og orkusölu, leikskólagjöld ofl. Samkvæmt samstæðureikningi nema aðrar tekjur sveitarfélagsins, þ.e. aðrar en skatttekjur um 142 mkr. Þjónustutekjur samanstanda m.a. af eftirfarandi:

Vatnsgjald

0,30% (0,30%) af fasteignamati.

Vatnsgjald 2004: 10.1 mkr

Aukavatnsskattur

kr. 12,50 (12,50) per tonn.

Aukavatnsgjald 2004: 5.0 mkr

Holræsagjald

0,25% (0,25%) af fasteignamati.

Holræsagjöld 2004: 8.2 mkr

Sorphirðugjald

a) Vegna íbúðarhúsnæðis kr. 8.500,- (7.650) á hverja íbúð

b) Vegna fyrirtækja skv. sérstakri gjaldskrá eftir magni.

a) flokkur kr. 5.100,- (4.600,-)

b) flokkur kr. 15.300,- (13.800,-)

c) flokkur kr. 61.200,- (55.000,-)

Sorphirðugjöld 2004: 6.3 mkr

Leikskólagjöld

2% hækkun skv. verðlagsbreytingum.

Leikskólagjöld 2004: 15.2 mkr

Skóladagheimili

2% hækkun skv. verðlagsbreytingum.

Skóladagheimilisgjöld 2004: 780 þús kr.

Hitaveita - orkusala

2% hækkun skv. verðlagsbreytingum.

Gert er ráð fyrir að tekjur hitaveitu nemi **39.8 mkr.**

Íbróttamiðstöð

Verðskrá var endurskoðuð og tekur gildi 1. janúar 2004.

Sundlaug

Verðskrá var endurskoðuð og tekur gildi 1. janúar 2004.

Félagsheimilið á Blönduósi

Verðskrá var endurskoðuð og tekur gildi 1. janúar 2004.

Höfn

Ný hafnarlög tóku gildi hinn 1. júlí 2003 og breytingar urðu á gjaldskrá skv. lögunum.

EIGNATEKJUR

Húsaleiga

Húsaleiga í félagslega íbúðakerfinu hækkar um 5% á milli ára. Íbúðir í eigu Blönduóssbæjar eru nú 47 talsins. Tvær íbúðir voru seldar á árinu 2003 og er það stefna bæjarstjórnar að halda áfram sölu íbúða úr félagslega kerfinu.

Húsaleigutekjur 2004: 22.7 mkr

EIGNASJÓÐUR

Tekjur eignasjóðs eru leigutekjur af fasteignum og öðrum eignum sjóðsins, aðallega til þjónustustofnana aðalsjóðs. Heildartekjur eru áætlaðar 49,8 mkr. Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð 38,5 mkr. Þar af eru afskriftir um 16,6 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 27 mkr. Áætluð niðurstaða rekstrarreiknings er því neikvæð uppá 15.9 mkr.

Í eignasjóði er almennt viðhald og framkvæmdir vegna fasteigna. Stærstu framkvæmdir í eignasjóði 2004 er viðgerð á gamla barnaskólanum, brunaviðvörðunarkerfi í grunnskólanum og malbikun plans við Norðurlandsveg. Eignfærðar fjárfestingar eru þjónustuhús í Brautarhvammi og lyfta að Hnjúkabyggð 33.

REKSTRARGJÖLD

Áætlað er að útgjöld til reksturs málaflokka aðalsjóðs og eignasjóðs verði um 368.5 mkr þar af eru fjármagnsliðir um 17,2 mkr. Rekstrarniðurstaða aðalsjóðs er neikvæð um tæpar 59,5 mkr. Þetta er ekki ásættanleg niðurstaða og ljóst er að tekjur aðalsjóðs þurfa að hækka verulega miðað við þær þjónustuskyldur, lögbundnar og aðrar sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir.

Langstærsti einstaka útgjaldaliður A-hluta samstæðu er launakostnaður sem nemur um 43% af útgjöldum A-hluta samstæðu (þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir). Árið 2003 voru laun áætluð 155,5 mkr. en árið 2004 um 153 mkr. Þrátt fyrir almennar launahækkunarir (3%) lækkar launakostnaður á milli ára sem nemur 1,5%³.

Eins og fram hefur komið er fjárhagsáætlunin unnin samkvæmt svokallaðri

³ Skv. rauntölum áranna.

rammaáætlanagerð og var stefnan sett á það í upphafi að halda sama fjárhagsramma árið 2004 og árið áður. Í töflunni hér að ofan (yfirlit 1. bls. 4) er mismunur ramma á milli ára sýndur í % og krónum. Ekki er ætlunin að telja upp helstu framkvæmdir og fjárfestingar í greinargerð þessari en helstu útskýringar á hlutfallsbreytingu rammafjárhæða á milli ára eru eftirfarandi:

05 – Menningarmál (46% hækkun): Framlag til Félagsheimilisins er fært inní aðalsjóð árið 2004 en ekki 2003.

10 – Umferðar- og samgöngumál (67% hækkun): Framlag til Hafnarsjóðs er fært inní aðalsjóð árið 2004 en ekki 2003.

13 – Atvinnumál (31% hækkun): Gert er ráð fyrir 7 mkr. framlagi til atvinnumála árið 2004 en við endurskoðun á áætlun 2003 var framlag lækkað frá 5 mkr. í 1.7 mkr.

Fyrirtæki og stofnanir

Til B-hluta fyrirtækja heyra Blönduóssveitur, Félagsheimilið á Blönduósi, Félagslegar íbúðir og Hafnarsjóður. Á árinu 2003 var Háabrekka ehf. færð undir A-hluta, þ.e. eignasjóð.

Yfirlit 2

Samanburður – B hluti

Sjóðir í B-Hluta	Fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun	Hækkun/	Hækkun/
	2003	2004	lækkun	lækkun
	ENDURSKOÐUÐ		í %	í kr.
41 - Höfn.....	11.219	805	1.293,7	10.414
57 - Félagslegar íbúðir.....	8.971	9.363	-4,2	-392
65 - Blönduóssveitur.....	-652	-2.556	-74	1.874
71 - Háabrekka.....		0		0
73 Félagsheimilið.....	10.337	-1.187	-970,9	11.524
Samtals sjóðir í B-hluta	29.875	6.425	239	23.420

Eins og fram hefur komið er tap hafnar og félagsheimilisins fært inní aðalsjóð í áætlun 2004 sem útskýrir mismuninn í rekstrarniðurstöðu á milli ára.

Samstæðureikningur 2004

Helstu atriði fjárhagsáætlunar samstæðu Blönduóssbæjar 2004 eru:

- Heildartekjur samstæður eru áætlaðar 404. 1 mkr og lækka um 46,2 mkr. frá endurskoðaðri áætlun 2003.
- Heildarrekstrargjöld samstæðu án fjármagnsliða eru áætluð 416 mkr. en þar af eru afskriftir reiknaðar um 46 mkr.

Yfirlit 3

Samstæða - samanburður	Rauntölur	Áætlun	Áætlun	Breytingar	Breytingar
REKSTRARREIKNINGUR	2002	2003	2004	2002-2004	2003-2004
Tekjur:				%	%
Skatttekjur.....	193.392	195.600	198.660	2,6	1,6
Framlög jöfnunarsjóðs.....	84.423	109.840	63.450	-24,8	-42,2
Aðrar tekjur.....	158.137	144.892	141.998	-10,3	-2,0
	435.952	450.332	404.108	-7,4	-10,3
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	178.496	171.026	169.677	-5,1	-0,8
Annar rekstrarkostnaður.....	205.580	194.212	200.108	1,5	3,0
Afskriftir.....	49.491	49.106	46.314	-6,4	-5,7
	433.567	414.343	416.099	-2,2	0,4
Niðurstaða án fjármagnsliða	2.385	35.989	-11.991		

*mínustölur sýna lækkun

Yfirlit 4

Samstæðureikningur	Rauntölur	Áætlun	Áætlun
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2002	2003	2004
Vaxtatekjur.....	396	7.626	7.556
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0
Vaxtagjöld.....	-52.897	-5.411	-1.999
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki..	0	0	0
Vaxtagjöld af langtímalánum.....	0	-37.134	-40.829
Verðbætur og gengismunur.....	-20.866	-20.572	-18.706
	-73.367	-55.491	-53.978
Rekstrarniðurstaða samstæðu.....	-70.982	-19.502	-65.969

- Fjármagnsliðir ársins 2004 eru áætlaðir um 54 mkr. Eins og meðfylgjandi samanburður sýnir hafa fjármagnsgjöld lækkað um 20 mkr. á milli árána 2002 – 2004.
- Veltufé frá rekstri er áætlað neikvætt um 950 þús kr.
- Þegar hefur verið tekið lán vegna fjárþarfar ársins 2004 að upphæð 105 mkr.
- Skuldir og eigið fé í árslok 2004 eru áætlaðar um 1.100 mkr. þar af eru lífeyrissjóðsskuldbindingar áætlaðar tæpar 67 mkr.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta ársins 2004 er áætluð neikvæð um 66 mkr.